

Persónuverndarstefna Eignaumsjónar hf.

Persónuverndarstefna Eignaumsjónar er sett með vísan í lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lög nr. [90/2018](#).

Eignaumsjón hf., Suðurlandsbraut 30, 108, Reykjavík er ábyrgðaraðili þess að vinnsla persónuupplýsinga hjá félaginu sé með því verklagi sem lýst er hér að neðan. Við alla vinnslu persónuupplýsinga hefur Eignaumsjón að leiðarljósi að tryggja trúnað, áreiðanleika og öryggi persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar sem Eignaumsjón vinnur tengjast starfsemi félagsins. Þær eru til að mynda um starfsfólk og viðskiptavinum félagsins, s.s. félagsmenn í húsfélögum sem nýta sér þjónustu Eignaumsjónar, starfsfólk viðskiptavina og þjónustuaðila, sem og aðra sem hafa samband við félagið í ýmsum erindagjörðum. Persónuupplýsingar sem unnar eru á ábyrgð félagsins eru nauðsynlegar vegna þjónustunnar sem félagið veitir og er leitast við að halda þeim í lágmarki.

Eignaumsjón vinnur upplýsingar um viðskiptavinum samkvæmt nafni og eftir atvikum kennitölu, reikningsnúmeri og viðskipta- og samskiptasögu. Umræddar upplýsingar eru t.d. tölvupóstfang, símanúmer og heimilisfang. Eignaumsjón safnar einnig persónuupplýsingum um félagsmenn húsfélaga sem nýta sér þjónustu Eignaumsjónar, þ.e. nafn, kennitölu, reikningsnúmer og viðskiptasögu auk tengiliðaupplýsinga. Einnig kunna aðrar persónuupplýsingar um félagsmenn húsfélaga að koma fyrir í fundargerðum, fundarboðum og/eða í samskiptum við félagsmenn húsfélaga sem eru nauðsynleg vegna þjónustu sem Eignaumsjón veitir.

Eignaumsjón vinnur ekki viðkvæmar persónuupplýsingar, nema um starfsfólk félagsins og vegna launagreiðslna f.h. viðskiptavina vegna vinnuréttarlegra skuldbindinga, s.s. vegna lögbundinna framlaga til stéttarféлага og veikindaréttar.

Eignaumsjón hf. heldur **Vinnsluskrá** yfir allar vinnslur þar sem unnið er með persónuupplýsingar.

Öll vinnsla Eignaumsjónar á persónuupplýsingum fer fram í skýrum tilgangi. Hún byggir á inntaki persónuverndarlaganna og tryggir að umræddar persónuupplýsingar séu ekki unnar á neinn þann hátt sem ósamrýmanlegt er hinum upprunalega tilgangi vinnslunnar.

Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga

Eignaumsjón vinnur persónuupplýsingar til að þjónusta viðskiptavinum sína, vegna kaupa á vörum og þjónustu og vegna ráðningarsambands við starfsfólk félagsins.

Heimildir til vinnslu

Vinnsla persónuupplýsinga byggir fyrst og fremst á samningssambandi Eignaumsjónar við viðskiptavinum sína og birgja. Vinnsla persónuupplýsinga getur einnig átt sér stað í tilvikum þegar aðrir hafa samband við félagið og nauðsynlegt reynist að skrá upplýsingar um viðkomandi.

Vinnsla persónuupplýsinga byggir einnig á lagalegum skyldum sem á félaginu hvíla, s.s. vegna skatta- og bókhaldslaga og vinnumarkaðslöggjafar í málum sem varðar starfsfólk.

Miðlun persónuupplýsinga

Eignaumsjón kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum, t.d. til hýsingarfyrirtækja og annarra fyrirtækja sem veita tækniþjónustu. Þau teljast vinnsluaðilar og fer sú miðlun fram á grundvelli **Vinnslusamnings**. Þá kann Eignaumsjón sömuleiðis að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar.

Eignaumsjón miðlar einnig persónuupplýsingum til innheimtuaðila ef um er að ræða vanskil viðskiptavina eða félagsmanna húsfélaga sem nýta sér þjónustu félagsins er að ræða.

Eignaumsjón á eingöngu viðskipti við fyrirtæki sem tryggja öryggi persónuupplýsinga, sem þeir vinna með fyrir hönd félagsins. Persónuupplýsingum er ekki miðlað til þjónustufyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Réttindi skráðra einstaklinga

Einstaklingar eiga rétt á að vita hvort og þá hvaða persónuupplýsingar Eignaumsjón vinnur um þá og geta viðkomandi óskað eftir afriti af slíkum upplýsingum. Skráðir einstaklingar eiga einnig rétt á að láta leiðrétta rangar persónuupplýsingar um sig og í einstaka tilvikum geta þeir fengið upplýsingum eytt. Í vissum tilvikum geta einstaklingar mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og farið fram á að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Óski einstaklingur eftir að deila upplýsingum um sig til annarra, getur viðkomandi átt rétt á að fá persónuupplýsingar um sig afhentar á tölvutæku formi eða að þær verði fluttar beint til umrædds aðila.

Óski einstaklingur eftir að nýta einhver af ofangreindum réttindum sínum skal hann hafa samband við félagið með tölvupósti á thjonusta@eignaumsjon.is

Telji einstaklingur að vinnsla Eignaumsjónar á persónuupplýsingum sé ekki í samræmi við gildandi lög getur viðkomandi lagt fram kvörtun til Persónuverndar.

Öryggi persónuupplýsinga

Upplýsingaöryggi er haft að leiðarljósi í allri vinnslu persónuupplýsinga hjá Eignaumsjón. Öryggi upplýsinga er tryggt með ýmsum tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum, s.s. öruggri hýsingu gagna, aðgangsstýringum að kerfum, fræðslu til starfsfólks um öryggismál, persónuvernd og örugga afritun.

Breytingar á persónuverndarstefnu þessari

Eignaumsjón áskilur sér rétt til að uppfæra eða breyta persónuverndarstefnu félagsins þegar þurfa þykir. Uppfærslur eða breytingar verða kynntar með birtingu uppfærðar persónuverndarstefnu á heimasíðu félagsins.

Samþykkt af stjórn Eignaumsjónar hf.

Reykjavík 13. apríl 2023.